

Ed.

536. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Eigi var þó ágreiningur um það, hvort reisa skyldi áburðarverksmiðju eða ekki. Öll nefndin er sammála um, að áburðarverksmiðju beri að reisa. Ágreiningurinn er um það tvennt, hvort ekki skuli reisa stærri verksmiðju en ráð er fyrir gert í frumvarpinu og hvort rétt sé að ætla áburðarverksmiðju raforku frá Soginu. Vill meiri hl. samþykkja frumvarpið með smávægilegum breytingum um, að stjórn verksmiðjunnar skuli ákveða henni stað, o. fl. Í því efni er ég einnig sammála meiri hl. Hins vegar tel ég mjög teflt á tæpasta vað með að ætla áburðarverksmiðju rafmagn frá Soginu, jafnvel þótt hún sé ekki stærri en frumvarpið gerir ráð fyrir, og í öðru lagi tel ég réttara að reisa stærri verksmiðju, sem jafnframt mundi þá skapa verðmæti til útflutnings. Auðvitað yrði þá að reisa sérvirkjun til rafmagnsframleiðslu. Skulu nú þessi sjónarmið rök-sludd nánar.

Hugmyndin um stofnun áburðarverksmiðju á Íslandi er ekki ný. En fyrst mun þetta mál hafa verið athugað til nokkurrar hlítar af skipulagsnefnd atvinnamála, er starfaði á árunum 1934—37. Í áliti því og tillögum, er hún gaf út, eru birtar niðurstöður þeirra athugana. Fjölluðu þær bæði um framleiðslu kalksaltpéturs og nitrophoska. Ekki varð þó úr framkvæmdum að því sinni.

Næst kom málið verulega á dagskrá árið 1944. Var þá flutt stjórnarfrumvarp á Alþingi um, að ríkið skyldi byggja verksmiðju til framleiðslu á ammóníumnítrati (ammóníumsaltpétri), sem þá var nýfarið að nota til áburðar í Ameríku. Var þar gert ráð fyrir aðeins lítilli verksmiðju. Þessu frumvarpi var vísað frá með þeim röksemdum, að rafmagn væri ekki til nægilegt og þyrfti að tryggja það áður en hafizt væri handa um byggingu verksmiðjunnar. Reynslan hefur sýnt, að þessar röksemdir voru réttar, því þótt síðan hafi verið byggð 7500 kw. eimtúrbínustöð hér við Reykjavík, er enginn afgangur frá daglegum þörfum. En jafnframt frávísuninni var lagt til, að stjórnin fæli nýbyggingarráði frekari undirbúning, áður en fullnæðarákvörðun yrði tekin um framkvæmdir.

Vorið 1945 fól svo nýbyggingarráð dr. Birni Jóhannessyni að fara utan til frekari athugana málsins og undirbúnings væntanlegra framkvæmda. Að ferð sinni lokinni skilaði hann skýrslu um hana og niðurstöður þær, er af rannsókn hans leiddu.

Síðan hafa enn farið fram nýjar rannsóknir, gerðar af Ásgeir Þorsteinssyni verkfræðingi og Jóhannesi Bjarnasyni, er m. a. hefur tvívegis farið utan til þeirra hluta.

Allar þessar athuganir og rannsóknir hafa ótvírætt leitt það í ljós, að bæði stofn- og rekstrarkostnaður áburðarverksmiðju minnkar með stækkun verksmiðjunnar, miðað við auka framleiðslugetu, og enn fremur, að litlar verksmiðjur eiga mjög í vök að verjast í samkeppni við hinar stærri.

Samkvæmt upplýsingum og línuritum í athugasemdum við stjórnarfrumvarp það, er flutt var í lok síðasta þings, kom það greinilega fram, að framleiðslukostnaður yrði 27% minni í 5000 tonna verksmiðju en í 2500 tonna verksmiðju. Samkvæmt sömu heimildum er framleiðsluverð á kg köfnunarefnis reiknað á kr. 2.24 í 2500 tonna verksmiðju, kr. 1.85 í 3600 tonna verksmiðju, kr. 1.67 í 5000 tonna verksmiðju og kr. 1.48 í 7500 tonna verksmiðju. Er þetta miðað við, að stofnlán séu greidd niður með 4% vöxtum. Hér munar því rúmum þriðjungum á framleiðslukostnaði við slíkan stærðarmun, að því er líklegast má telja. Þá liggur einnig ljóst fyrir, að með enn þá meiri stækkun muni framleiðslukostnaður enn þá fara minnkandi, þótt lækkunin verði ekki jafnör, þegar stækkunin verður meiri. Sama má segja um stofnkostnað samkvæmt þessum áætlunum. Gert er ráð fyrir, að stofnkostnaður 2500 tonna verksmiðju verði 20 millj. kr., 3600 tonna verksmiðju 25.7 millj., 5000 tonna verksmiðju 30 millj., og 7500 tonna verksmiðju 39 millj. kr.

Í hinum nýju athugunum, er þessu frumvarpi fylgja, eru að vísu tölur allar hærri, en hlutfallsniðurstöður allar mjög hinar sömu. T. d. er nú gert ráð fyrir, að stofnkostnaður 5000 tonna verksmiðju verði 38 millj., en 7500 tonna verksmiðju 44.4 millj. Enn fremur er nú gert ráð fyrir, að framleiðslukostnaður á kg af köfnunarefni verði kr. 1.78 í minni verksmiðjunni, en kr. 1.41 í hinni stærri. Er hér um að ræða enn þá greinilegri hagnað við stækkun en áður. Hér er þá reiknað með, að stofnlán séu greidd á 15 árum og vextir 3% p. a.

Árangur þessara rannsókna hefur orðið sá, að nú kemur engum til hugar að byggja hina litlu verksmiðju, er fyrirhuguð var 1944 og einnig var gert ráð fyrir í frumvarpinu frá síðasta þingi. Er gert ráð fyrir 5000—10000 tonna verksmiðju eins og frumvarpið er nú, og skuli sú verksmiðja fá rafmagn frá Soginu. En þá kemur til greina hitt atriðið, hvort ekki verður skortur á rafmagni til að knýja þá verksmiðju. Samkvæmt einróma álitum áburðarverksmiðjunefndarinnar er útilokað að nokkurn tíma fáist nægilegt rafmagn frá Soginu til að knýja 10000 tonna verksmiðju. Er þá í raun og veru tómmt mál að setja slíkt í lög, nema tryggt sé rafmagn annars staðar að með nýrri virkjun. Að álitum þessara sérfræðinga er 7500 tonna verksmiðja hin allra stærsta, sem til mála gæti komið að bæta á Sogið, þótt það verði virkjað til fulls, sem í fyrsta lagi gæti orðið 1955. Það er enn fremur álit þeirra, að sú virkun, þ. e. fullvirkjun Sogsins, mundi aðeins endast til 1965, eða um 10 ára tímabil, með því að raforkunotkun til almennra þarfa og annars iðnaðar vaxi ekki örar en um 12—13 millj. kwst. árlega, eða svipað og verið hefur hin síðari ár. En þá ber þess að gæta, að raunverulega hefur rafmagnsskortur hindrað eðlilega aukningu. Er því sýnilega teft á tæpasta vað með að telja raforkuna nægilega fyrir áðurnefnt tímabil. Enn fremur má þess geta, að samkvæmt upplýsingum hr. Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra hefur vöxturinn verið 25% árlega að meðaltali, síðan Sogsvirkjunin tók til starfa 1937. Og hin nýja eimtúrbínustöð, sem fyrst og fremst var fyrirhuguð sem varastöð til nota, þegar mest væri álag, þarf nú strax að vinna stöðugt með fullum krafti, enda telur rafmagnsstjóri hiklaust, að ef sami vöxtur verði áfram og verið hefur að meðaltali frá 1922—48 sé þörf á að virkja allt Sogið, þótt engin áburðarverksmiðja komi til, en sú meðaltalsaukning nemur aðeins 14% árlega. Megi því fullyrða, að nægilegur markaður verði fyrir allt rafmagn frá Soginu fullvirkjuðu án hennar.

Hér er því greinilega um tvennt að ræða. Annað að reisa 7500 tonna áburðarverksmiðju, sem er meðaltal þeirrar stærðar, er frumvarpið gerir ráð fyrir nú, og óneitanlega virðist vera sú minnsta stærð, sem til mála geti komið, bæta þeirri verk-

smiðju á Sogið og láta þá skeika að sköpuðu, hvort hún getur starfað af fullum krafti eða ekki, þangað til hún einhvern tíma síðar meir fengi viðbótarrafmagn frá nýrri virkjun. Hitt er að láta verksmiðjuna fá það rafmagn, sem hún þarf til fullrar afkastagetu, sem aftur mundi þýða rafmagnsskort til annarra þarfa. Væri þá eins gott að hætta strax við lagningu þeirra nýju veitna um Suður- og Suðvesturland, sem byrjað er á og fyrirhugaðar eru, eins og að halda áfram slíkum framkvæmdum jafnframt áburðarverksmiðjubyggingu og láta svo annað hvort eða hvort tveggja að hálfu leyti óstarfhæft vegna rafmagnsskorts. Annars liggur mjög ljóst fyrir sú hætta, að þegar kröfurnar um aukið rafmagn til almenningsþarfa vaxa, þá verði undan þeim látið, sem einnig er nokkuð eðlilegt, m. a. vegna þess, að þannig má fá hærra verð fyrir rafmagnið. Mundi þá verksmiðjan sitja á hakanum og ekki geta starfað af fullum krafti, sem aftur þýðir minni afköst, meiri framleiðslukostnað, dýrari vörur. Gæti þá verksmiðjan orðið íslenskum bændum hermdargjöf, ef þeir yrðu að kaupa framleiðslu hennar dýrara verði en erlendan áburð. Samkvæmt þessu virðist mér mjög varhugavert að treysta á raforku frá Soginu til rekstrar áburðarverksmiðju sem þessarar, þótt um sé að ræða þá minnstu verksmiðjustærð, sem til greina geti komið.

Skal þá vikið að hinu atriðinu, hvaða rök liggja til þess, að við byggjum stærri verksmiðju.

Fram að þessu hefur útflutningsframleiðsla okkar eingöngu komið frá þeim atvinnuvegum, sem við rekum nú mest, sjávarútvegi og landbúnaði. Er nú svo komið, að sjávarútvegurinn verður að afla mestallra útflutningstekna þjóðarinnar. Þetta er eðlilegt eins og ástæður hafa verið, en því fer fjarri, að svo þurfi að verða um aldur og ævi, enda síður en svo æskilegt. Þvert á móti mundi öryggi þjóðarinnar í efnahagsmálum fyrst verða verulega vel tryggt, þegar upp ris hér stóriðja. rekin af hinu mikla fossaafli, sem við eigum svo mikið ónotað enn þá. Slík stóriðja hefur þann mikla kost, að hún tekur lítið vinnuafli frá öðrum atvinnuvegum, en skapar gjald-eyristekjur, sem þjóðinni er nauðsynlegt að auka. Með eflingu slíks iðnaðar við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar væri þjóðin betur tryggð efnahagslega en nokkru sinni fyrr. En þá kemur einmitt til athugunar, hvaða framleiðslu helzt beri að stefna að á því sviði.

Enn sem komið er er ekki vitað um þau verðmæti í jörðu hér, sem gætu orðið undirstaða stóriðnaðar í verulegum mæli til útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Að vísu má með sannni segja, að það mál sé ekki fullrannsakað enn þá. Hins vegar verður því ekki móti mælt með rökum, að áburðarframleiðsla eins og hér um ræðir virðist mjög líkleg til að fullnægja þessu hlutverki og verða tekjulind fyrir Íslendinga.

Vatnsafl til rafmagnsframleiðslu höfum við yfirgnæfandi. Hráefni þau, sem til framleiðslunnar þarf, eru ekki önnur en vatn og loft. Vinnuafli, sem þessi framleiðsla krefur, er svo hverfandi lítið, ef verksmiðjan er af heppilegri stærð, að þótt verka-kaup væri hér nokkru hærra en annars staðar, þá munar það engu í heildarframleiðslukostnaði. Þegar á allt er lítið eigum við að hafa fulla möguleika á því að vera samkeppnisfærir á þessu sviði við hvaða þjóð sem er. En auðvitað er það háð því, að verksmiðjan sé allmiklu stærri en frumv. þetta gerir ráð fyrir, og þá virðist ekki rótt að gera ráð fyrir minni stærð en ca. 30 000 tonna verksmiðju.

Framkvæmd þessa máls er einmitt nauðsynlegur þáttur í þeirri atvinnubyllingu, sem hér hófst fyrir nokkrum árum. Eigi hún ekki að staðna á miðri leið, verður að halda áfram að skapa auknar gjaldeyristekjur til fullnægingar þörfinni á fjárfestingarvörum, kröfum þjóðarinnar um aukinn vélakost, bætt húsakynni o. fl. Þvilíkt eru eðlilegar og heilbrigðar kröfur um menningarlíf.

Nú eru fullar horfur á, að sá véla- og bílakostur, sem þjóðin á nú, stöðvist vegna skorts á varahlutum og jafnvel eldsneyti. Samt er verið að samþykkja tillögur um innflutning á slíkum tækjum í stórum stíl. Enginn efast um þörf á þeim innflutningi, en sá innflutningur verður aðeins óarðbær fjárfesting, nema jafnframt sé tryggt, að þessi tæki geti starfað af fullum krafti. Nákvæmlega sama má segja um fram-

kvæmdir í raforkumálum úti um landsbyggðina, bæði til sveita og sjávarþorpa. Þær framkvæmdir verða aðeins umtal, nema gjaldeyrisgrundvöllurinn sé tryggður. Ean þá hefur framkvæmdastjórn þeirra mála ekki séð sér fært að ráðast í nema mjög fáar sveitarafveitur og aðeins þar, sem allra þéttbýlast er. Þannig mætti telja margt fleira, sem eindregið mælir með því, að inn á þessa braut sé farið.

Eins og áður er tekið fram, verður að reisa sérvirkjun til slíkrar framleiðslu, og virðist þá einsætt að virkja t. d. Urriðafoss í Þjórsá. Mundi þar verða virkjað nægilegt afl fyrir 30 000 tonna verksmiðju og auk þess verða afgangi til almenningsnota milli 20 og 30 þús. kw., ef allt afl hans er virkjað.

Samkvæmt áætlun þeirri um rekstur slíkrar verksmiðju, sem birt er í nefndaráliti minni hl. landbúnaðarnefndar Nd. um þetta mál, má telja líklegt mjög, að framleiðslukostnaður pr. tonn af köfnunarefni verði ekki hærri en kr. 1133.33 eða kr. 1.13 pr. kg. En útflutningsverðmæti allrar framleiðslunnar mundi nema 64 millj. kr. með núgildandi verðlagi. Hér væri því um að ræða mjög mikla gjaldeyrisaukningu og sérstaklega mikilsverða, þar sem ekki er áætlað, að við verksmiðjuna ynnu nema ca. 100 manns. Að öðru leyti verður hér látið nægja að vísa til þeirra fylgiskjala, sem prentuð eru með álitum minni hl. landbúnaðarnefndar Nd.

Samkvæmt framansögðu vil ég leyfa mér að leggja til, að frumv. verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. Í stað „5 000—10 000 smál.“ komi: 30 000—40 000 smál.

Alþingi, 7. apríl 1949.

Ásmundur Sigurðsson.